

Góðan dag

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um 778. mál:

Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál. – 1904042

Umsögn sveitarstjórnar um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, áður á dagskrá á 231. fundi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerði athugasemdir við frumvarpsdrög um sama mál sem voru til umsagnar s.l. haust. Í því frumvarpi sem nú er lagt fram hefur verið tekið tillit til hluta þeirra sjónarmiða sem Bláskógabyggð og önnur sveitarfélög komu á framfæri í vinnsluferli frumvarpsins og er þakkað fyrir það.

Nokkur atriði eru þó sem sveitarstjórn vill áréttta eða koma með ábendingar um:

Árétttað er að nauðsynlegt sé að gæta þess að skerða ekki skipulagsvald sveitarfélaga. Í frumvarpinu hefur verið tekið tillit til ábendingar um að samþykki sveitarstjórnar þurfi til friðlýsingar lands sem þjóðgarðs. Bent er á að enn getur það gerst að sveitarfélag lendi í minnihluta við afgreiðslu stjórnunar- og verndaráætlunar sem varðar land innan marka viðkomandi sveitarfélags. Nauðsynlegt er að slík áætlun fái samþykki sveitarstjórnar. Þá er einnig lagt til að í heiti áætlunarinnar verði horft til hugtakanna „nýtingar“ og „samráðs“ sbr. hugmyndir sem koma fram í textadrögum nefndar um stofnun miðhálandisþjóðgarðs vegna stjórnunar- og verndaráætlana.

Ákvæði um að ráðherra geti ákveðið stækkun þjóðgarðs með reglugerð er óbreytt frá frumvarpsdrögum. Í greinargerð með 3. mgr. 3. gr. segir að áskilnaður um samþykki sveitarstjórna eigi við hvort sem um nýjan þjóðgarð eða stækkun þjóðgarðs sé að ræða. Skýrara væri að geta þess beinlínis í 3. mgr. 3. gr. Þá vekur athygli að ekki sé gert ráð fyrir aðkomu Alþingis að málum varðandi stækkun þjóðgarða.

Í ummælum um 6. gr. í greinargerð með frumvarpsdrögunum var gerð grein fyrir því að um verulega stækkun þjóðgarðsins gæti verið að ræða sem væri ekki takmörkuð við nánasta nágrenni Þingvalla við Öxará og næði svæðið eftir stækkun til fleiri sveitarfélaga en áður yrðu viðkomandi sveitarstjórnir að koma sér saman um fulltrúa í stjórn. Þessu var mótmælt af hálfu Bláskógabyggðar. Þessi ummæli hafa nú verið felld út úr greinargerðinni, hugsanlega á þeim grunni að með breytingu á 12. gr. er ætlað að tryggja að fulltrúi viðkomandi sveitarfélags bætist við umdæmisráð, ef það á ekki fastan fulltrúa í því, þegar fjallað er um málefni friðlýstra svæða innan marka þess. Bláskógabyggð telur þetta ákvæði ekki fullnægjandi hvað varðar þjóðgarðinn á Þingvöllum og leggur áherslu á að umfjöllun í umdæmisráði getur ekki komið í stað beins samráðs við viðkomandi sveitarstjórn þegar um er að ræða stærri ákvarðanir, enda er umdæmisráð eingöngu almennt til ráðgjafar um málefni náttúruverndar á viðkomandi svæði, sbr. 14. gr. Af hálfu Bláskógabyggðar er það ekki talið ásættanlegt að til þess gæti komið að sveitarfélagið ætti ekki fastan fulltrúa í stjórn stækkaðs þjóðgarðs. Gæti þetta fyrirkomulag leitt til þess að sveitarfélög ættu ekki aðkomu að gerð stjórnunar- og verndaráætlana þjóðgarða innan sinna marka nema í gegnum almennan athugasemdarétt almennings og hagsmunaaðila skv. 28. gr. og getur það ekki talist fullnægjandi.

Heimildir ríkisins til eignarnáms eru mjög víðtækar. Mikilvægt er að þær séu ekki víðtækari en brýna nauðsyn ber til.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri